



Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, Stillholti 16-18, 300 Akranesi, og Skógræktarfélag Akraness, kt. 690689-2949, gera með sér eftirfarandi framkvæmdasamning vegna áraanna 2018 til og með 2020:

1. gr.

Akraneskaupstaður greiðir Skógræktarfélagi Akraness heildargreiðslu á samningstímanum að fjárhæð kr. 9.000.000 (nínmilljónirkróna), samkvæmt reikningum útgefnum af Skógræktarfélaginu og sundurliðast styrkfjárhæðin þannig:

- a. Á árinu 2018, kr. 3.000.000, sem skal greiðast fyrir 1. september 2018.
- b. Á árinu 2019, kr. 3.000.000, sem skal greiðast fyrir 1. júní 2019.
- c. Á árinu 2020, kr. 3.000.000, sem skal greiðast fyrir 1. maí 2020.

2. gr.

Meðfylgjandi samningi þessum er fjárhagsáætlun Skógræktarfélagsins sem telst hluti samnings þessa og skal Skógræktarfélag Akraness skila Akraneskaupstað skýrslu árlega, í maí 2019 og 2020 um framvindu þeirra verkefna sem styrkfjárhæðin rennur til og uppfærðri fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

3. gr.

Með hliðsjón af fjárhagsáætlun Skógræktarfélagsins er miðað við að m.a. eftirfarandi verkefni klárast á samningstímanum:

- a. Skógræktarfélag Akraness skal leggja til skógræktarskipulag fyrir skógræktarsvæðin sín í Slögu og Garðaflóa til samþykktar hjá skipulags- og umhverfisráði Akraneskaupstaðar. Í skógræktarskipulagi skal sett fram stefna og markmið, ræktunaráætlun vegna gróðursetningar, undirbúnings- og umhirðu lands.
- b. Skógræktarfélag Akraness skal gefa einstaklingum, félögum og stofnunum bæjarins tækifæri til að fá fræðslu og leiðbeiningar vegna ræktunar og gróðursetningar.

4. gr.

Samningsaðilar skulu hafa tvo samráðsfundi á ári, að vori fyrir 1. maí og að hausti fyrir 1. október. Gert er ráð fyrir að þá fundi sitji bæjarstjóri, formaður skipulags- og umhverfisráðs, sviðsstjóri skipulags og umhverfissviðs og umhverfisstjóri f.h. Akraneskaupstaðar og stjórn Skógræktarfélags Akraness.

5. gr.

Heimilt er að segja upp samningi þessum fyrir 1. október 2019 og falla þá niður samningsskyldur aðila vegna ársins 2020. Uppsögn skal vera skrifleg.

JBB SFL



Akraneskaupstaður

Akranesi, 3 / 6 2019

Með fyrirvara um samþykki
skipulags- og umhverfisráðs og bæjarstjórnar
Akraness

F.h. Akraneskaupstaðar


Sævar Freyr Þráinsson,
bæjarstjóri

F.h. Skógræktarfélag Akraness


Jens Benedikt Baldursson,
formaður